

## **Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands**

### **Mál 7 1999/2000**

**Kærandi:** V. Elsa Haraldsdóttir, Salon VEH

**Kærði:** HG, blaðamaður á DV og ritstjóri DV

Málið var kært með bréfi dagsettu 4. apríl 2000. Nefndin fjallaði um málið á fundum sínum 3. og 11. maí. Kært er fyrir brot á 3. grein siðareglna Blaðamannafélags Íslands.

#### **Málavextir**

Þriðjudaginn 21. mars 2000 birtist á neytendasíðu DV verðkönnum sem blaðið hafði gert hjá tíu hárgreiðslustofum. Í greininni segir m.a.: „Langdýrast er hins vegar að fá dömuklippingu hjá Salon VEH þar sem hún kostar 3970 krónur.“ Síðan segir að munurinn milli hæsta og lægsta verðs sé mjög mikill, eða 2295 kr., sem jafngildi 137 prósentum.

Í bréfi til ritstjóra DV kvartaði kærandi yfir fréttinni og segir þar m.a. að kærandi hafi sérstaklega tekið fram við blaðamanninn HG hvað væri innifalið í þjónustu VEH. Hafi verið óskað eftir því að verðkönnum yrði birt með skýringum þar sem m.a. kæmi fram hvað væri innifalið í uppgefnu verði. Þær upplýsingar hafi ekki skilað sér í greinina og megi jafnvel ætla að umræddur blaðamaður hafi leynt þeim upplýsingum sem hann hafði í sínum fórum. Krafnist var leiðréttigar en að sögn kæranda fengust engin viðbrögð við því.

#### **Umfjöllun**

Siðanefnd getur ekki fallist á að athugasemdir kæranda hafi ekki skilað sér í greinina. Í henni eru ítrekað gerðir fyrirvarar. Þannig segir undir millifyrirslusögninni „Misjafnt hvað er innifalið“ m.a. : „...en vert er að minna á að misjafnt er hve mikil þjónusta er innifalin í verði á klippingu, strípum, litum og permanenti... Þá er sums staðar t.d. innifalin ráðgjöf og viðast hvar er hárið blásið að lokinni klippingu eða annarri meðhöndlun. Því segja verðin ekki alla söguna....“ Og í lok greinarinnar eru viðskiptavinir hárgreiðslustofa hvattir til að kynna sér verð þeirra og þjónustu áður en lagt sé af stað.

Í samanburði af þessu tagi er ekki hægt að gera kröfu um að gerð sé grein fyrir því í hverju þjónustan felist í hverju einstöku tilviki. Nægilegt er að gera fyrirvara og benda fólk á að verðsamanburður segi ekki alla söguna, eins og gert var í hinni kærðu grein.

## Úrskurður

Blaðamaður og ritstjóri DV teljast ekki hafa brotið siðareglur Blaðamannafélags Íslands.

Reykjavík, 11. maí 2000



Hjörtur Gíslaon



Hreinn Pálsson  
Hreinn Pálsson



Sigurveig Jónsdóttir  
Sigurveig Jónsdóttir



Guðjón Arngrímsson  
Guðjón Arngrímsson



Sigurður Guðjónsson  
Sigurður Guðjónsson